

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Ab. GB Fskj.
22. APR. 2009
Bl. 230-13
FJR 0904/0072

**Samstarfssamningur
Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna
um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir**

1. grein

Samningsaðilar

Samningsaðilar eru Hagstofa Íslands og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS).

2. grein

Markmið samningsins

- a. Öflun og úrvinnsla upplýsinga um laun, launakostnað og vinnutíma sem nái til allra starfsgreina á opinberum vinnumarkaði.
- b. Að aðferðir við öflun og úrvinnslu gagna samsvari þeim aðferðum sem bestar þykja á hverjum tíma og jafnframt þeim vinnureglum sem skilgreindar eru í lögum og reglugerðum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um launakannanir.
- c. Að afla víðtækra upplýsinga um vinnumarkaðinn vegna opinberrar hagskýrslugerðar.
- d. Að samræma upplýsingar um laun og launakostnað á vinnumarkaðnum öllum.
- e. Að afla gagna og vinna sérverkefni sem nýtast samtökum launafólks og opinberum vinnuveitendum við gerð kjarasamninga.
- f. Að fyrirhöfn og kostnaði launagreiðenda verði haldið í lágmarki við að láta í té upplýsingar um laun og launakostnað.
- g. Að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til hagskýrslugerðar um vinnumarkaðinn og samnýta þekkingu og starfskrafta samningsaðila.
- h. Að stuðla að skilmerkilegri framsetningu upplýsinga um vinnumarkaðinn.
- i. Að Ísland geti uppfyllt kröfur alþjóðastofnana um gerð vinnumarkaðsrannsókna.

3. grein

Umfang samningsins

Samningurinn nær til samstarfs aðila um gerð vinnumarkaðsrannsókna um kjör, atvinnutekjur, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og aðra mikilvæga þætti um vinnumarkaðinn.

4. grein

Framkvæmd samningsins

Hagstofa Íslands annast opinberar kjararannsóknir í stað þeirra sem hafa farið fram á vegum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna. Rekstur á vegum Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna verður lagður niður, en nefndin starfar áfram með óbreyttri samsetningu sem verkkaupi og stefnumarkandi samstarfsvettvangur opinbera vinnumarkaðarins gagnvart Hagstofu Íslands.

[Handwritten signature]

5. grein

Ráðgjafarnefnd

Sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga starfar með Hagstofunni skv. samningi Hagstofunnar og Kjararannsóknarnefndar frá 9. september 2004. Í samningnum segir: „*Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd þess samnings og vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vinnumarkaðsrannsóknna, einkum launakannana. Í ráðgjafarnefndinni sitja tveir sérfræðingar frá ASÍ og tveir frá SA. Ráðgjafarnefndin starfar samkvæmt starfsreglum sem samningsaðilar koma sér saman um. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir setu í ráðgjafarnefnd.*“ Samningurinn frá 2004 miðar að viðtækara umfangi en almenna markaðinum eingöngu og því æskilegt að opinberir samningsaðilar verði aðilar að samstarfinu með sambærilegum hætti, sbr. 10. gr. þess samnings.

Með þessum samningi við Hagstofu Íslands gerist Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna aðili að ráðgjafarnefndinni. Bandalög opinberra starfsmanna, BHM, BSRB og KÍ tilnefna annan fulltrúann og fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hinn.

6. grein

Sérstakar vinnslur

Hagstofan annast sérstakar vinnslur úr launakönnunum í aðdraganda og við gerð kjarasamninga eftir sameiginlegum óskum aðila kjarasamninga. Ráðgjafarnefndin skal fjalla um beiðnir um vinnslur af þessu tagi. Hagstofan tekur ekki gjald fyrir þessa þjónustu.

7. grein

Aðgengi að trúnaðargögnum

Gögn um aðgreinanlega einstaklinga og stofnanir/fyrirtæki skulu vera trúnaðarmál og skulu verklagsreglur Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna gilda um þetta efni.

8. grein

Fjármögnun

Samningur þessi er reistur á eftirfarandi forsendum um fjármögnun:

1. að launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir verði fjármagnaðar með framlögum úr rikissjóði, annars vegar með fjárveitingu í fjárlögum til Hagstofu Íslands og hins vegar með fjárveitingu í fjárlögum til Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.
2. að stjórn Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna beini fjárveitingu sinni til Hagstofunnar til fullnustu á þessum samningi.
3. Að árleg fjárveiting til Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna verði 11,9 millj. kr. miðað við verðlag ársins 2009 og að hún taki sömu verðlagsbreytingum og fjárveitingar til Hagstofunnar á gildistíma samningsins. Vegna undirbúnings árið 2008 greiðast í eitt skipti 6 millj. kr.

Hagstofan skal eftir því sem unnt er haga bókhaldi sínu þannig að hægt sé að aðgreina kostnað af þeirri starfsemi sem fjárframlag Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna er ætlað að standa undir.

9. grein

Ársfundur

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna og Hagstofan skulu ár hvert halda fund um þennan samning. Á fundinum skal farið yfir framkvæmd samningsins, ráðstöfun fjárframlaga Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna til verkefnisins á grundvelli skýrslu Hagstofunnar um það efni og um forgangsstöðun verkefna. Fundurinn skal haldinn samtímis sambærilegum fundi Kjararannsóknarnefndar og Hagstofu.

10. grein

Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2009 og gildir til 1. janúar 2012. Eftir þann tíma er samningurinn uppsegjanlegur með minnst eins árs fyrirvara miðað við áramót. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann sjálfkrafa.

Samninginn skal endurskoða ef annar hvor aðilinn óskar þess. Verði verulegar vanefndir á samningi þessum af hálfu annars hvors aðilans þannig að forsendur hans bresti fellur samningurinn úr gildi án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sbr. sérstaklega 3. lið 8. greinar um fjárveitingar.

Reykjavík, 11. mars 2009

F.h. Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna

B. B.
Þóroddur Jóhannsdóttir
Hera Jónsdóttir
Guðlaug Friðf.
Guðlaug Friðf.
Brenniblaug Jónsdóttir

F.h. Hagstofu Íslands

Ólafur
Magnús S. Magnússon